

Ár 2013, fimmtudaginn 26. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör ríkislögreglustjóra

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Embætti ríkislögreglustjóra starfar samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 með síðari breytingum og er ríkisstofnun. Heyrir því undir kjararáð að ákveða ríkislögreglustjóra laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 25. september 2012 frá ríkislögreglustjóra þar sem þess er óskað að kjararáð taki launakjör hans til endurskoðunar. Í bréfinu segir að frá því að kjaranefnd ákvað laun ríkislögreglustjóra þann 4. nóvember 2003 hafi eðli og umfang starfs hans breyst mikið og álag aukist. Ríkislögreglustjóri fari með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra sem sé æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Þá annist ríkislögreglustjóri málefni almanna í umboði innanríkisráðherra. Samkvæmt samkomulagi dómsmála- og mannréttindaráðherra og utanríkisráðherra á árinu 2010 fari ríkislögreglustjóri með hlutverk þjóðaröryggisstjórnvalds (National Security Authority). Einnig er vísað til ákvörðunar forsætisráðherra um að ríkislögreglustjóri fari með öryggi æðstu stjórnar ríkisins, forseta Íslands og ríkisstjórnar. Þá kemur fram að ríkislögreglustjóri fari með öryggismálefni Íslands á vettvangi Atlantshafsbandalagsins (NATO) í umboði utanríkisráðherra og hafi farið með formennsku á þeim vettvangi. Hér sé um að ræða Civilian Intelligence Committee og Security Committee NATO.

Í bréfi ríkislögreglustjóra segir jafnframt að samfara því að hlutverk ríkislögreglustjóra hafi aukist og tekið breytingum, hafi fjármála- og starfsmannaumsvif vaxið verulega. Verkefni nái til landsins alls og alþjóðasamstarfs af ýmsum toga. Starfsstöðvar séu nú á höfuðborgarsvæðinu, varnarsvæðinu á Keflavíkflugvelli, á Akureyri og á Sauðárkróki. Fram kemur að á árinu 2003 hafi verið aukið við starfsemi fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra sem frá þeim tíma hafi farið með stjórn og samhæfingu útkallsliðs lögreglu um land allt. Á árunum 2004 og 2005 hafi ráðherra ákveðið að öll starfsemi sérsveitar heyrði undir ríkislögreglustjóra. Jafnframt var fjölgað í sérsveit, hún eflað að tækjabúnaði og hlutverk hennar á landsvísu aukið. Ríkislögreglustjóri fari með lögreglustjórn á landsvísu við vopnaðar lögreglu- og neyðaraðgerðir. Með lögum nr. 50/2004 um siglingavernd hafi ríkislögreglustjóra verið falið að ákveða vástig um borð í íslenskum skipum og í höfnum að höfðu samráði við Siglingastofnun og Landhelgisgæslu nema þegar um bráðatilvik sé að ræða, þá taki hann ákvörðun einn. Þegar vástig sé hækkað í höfnum eða á skipum ákveði ríkislögreglustjóri hvenær hann taki við stjórn aðgerða samkvæmt viðeigandi verndaráætlun og almennum lögum um lögregluaðgerðir. Auk þess hafi ríkislögreglustjóra verið falið að annast bakgrunnsskoðanir vegna siglingaverndar og veita Siglingastofnun umsögn um áhættumat og verndaráætlanir. Í bréfinu segir einnig að á árinu 2006 hafi ráðherra tekið ákvörðun um að leggja niður Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins og færa verkefni hennar til þjóðskrár og ríkislögreglustjóra. Með þessari ráðstöfun hafi ríkislögreglustjóra verið falinn rekstur allra upplýsingakerfa lögreglunnar, Útlendingastofnunar og Fangelsismálastofnunar. Einnig sé um að ræða rekstur upplýsingakerfa Schengen-samstarfsins. Umfang rekstursins sé

talsvert og krefjist mikils samstarfs og samhæfingar við innlenda og erlenda aðila. Þá hafi ríkislögreglustjóri tekið við rekstri upplýsingakerfa fyrir embætti sérstaks saksóknara.

Í bréfinu kemur fram að samhliða breytingum sem gerðar hafi verið á skipulagi lögreglunnar með lögum nr. 46/2006 um breytingu á lögreglulögum, hafi verið stofnuð hjá ríkislögreglustjóra lögreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsaki landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggi mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Þá kemur fram að með lögum um almannavarnir nr. 82/2008 hafi verið aukið við ábyrgð og umfang verkefna ríkislögreglustjóra, sbr. III., V. og VI. kafla laganna. Ríkislögreglustjóri fari með stjórn og samhæfingu almannavarna á landsvísu og beri ábyrgð á því að lýsa yfir almannavarnaástandi. Hann hafi leitt uppbyggingu á Samhæfingarstöð almannavarna og beri ábyrgð á rekstri og stjórn hennar við aðgerðir. Þannig fari ríkislögreglustjóri með stjórn aðgerða bæði áður og eftir að hættu ber að garði og hafi því ríkari ábyrgðarskyldu eftir gildistöku laganna frá því sem eldri lög kváðu á um og ákvörðun kjaranefndar frá 4. nóvember 2003 laut að. Með lögum nr. 15/2009 og lögum nr. 50/2012 um breytingu á lögum um loftferðir nr. 60/1998 hafi auknar skyldur og verkefni verið lögð á ríkislögreglustjóra varðandi flugvernd. Samkvæmt reglugerð nr. 985/2011 hafi kröfur vegna bakgrunnskoðana, ítarleika og fjölda þeirra sem þurfa bakgrunnskoðun margfaldast. Þá segir að þegar Varnarmálastofnun var lögð niður með lögum nr. 98/2010 og með samkomulagi dómsmála- og mannréttindaráðherra og utanríkisráðherra hafi verkefni á sviði varnar- og öryggismála verið færð til ríkislögreglustjóra. Um sé að ræða verkefni á sviði stjórnsýslu og tölvuþjónustu, sem snúi að rekstri öruggra tölvukerfa NATO, auk verkefna við upplýsingavöktun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga. Þar að auki hefur ríkislögreglustjóri með höndum hättumat á sviði varnarmála, útgáfu öryggisvottana og önnur hlutverk þjóðaröryggisstjórnvalds. Hann tekur þátt í starfi nefnda og stofnana NATO, samstarfi við alþjóðastofnanir og önnur stjórnvöld, og annast framkvæmd alþjóðasambýkta. Einnig kemur fram að þann 1. september 2011 hafi efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sameinast embætti sérstaks saksóknara.

Í bréfi ríkislögreglustjóra segir jafnframt að með auknu hlutverki og breytingum á eðli starfsins hafi álag aukist. Vegna tilfærslu verkefna til og frá embættinu sé breytingarstjórnun og endurskipulagning viðvarandi verkefni. Þá hafi mikið og óvenjulegt álag verið vegna umfangsmikilla verkefna af náttúrulegum og mannlegum orsökum. Megi þar nefna Suðurlandsskjálfta á árinu 2008 og eldgos á árinu 2010. Álag hafi einnig aukist í kjölfar efnahagshrunsins. Frá þeim tíma hafi ríkislögreglustjóri sinnt auknum verkefnum vegna samhæfingar lögreglu á landsvísu, skipulagsvinnu og þjálfunar, og vegna sérstaks búnaðar lögreglu til þess að styrkja hana í því að takast á við verkefni vegna óeirða og óróa í þjóðfélaginu. Einnig hafi margvísleg vandamál fylgt niðurskurði á fjárveitingum og fækkun starfsmanna.

Með bréfum dagsettum 26. september 2012 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 10. október 2012. Í bréfinu segir að fjármála- og efnahagsráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi embættis ríkislögreglustjóra hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör hans þann 4. nóvember 2003, að öðru leyti en fram komi í bréfi ríkislögreglustjóra.

Innanríkisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 18. október 2012. Kemur þar fram að í bréfi ríkislögreglustjóra sé að finna ágætt yfirlit yfir ábyrgðarsvið embættisins og geti ráðuneytið staðfest það. Ráðuneytið sé hlynnt reglulegri endurskoðun launakjara embættismanna í takt við breytingar á hlutverki, álagi og þörfum samfélagsins. Töluverðar breytingar hafi orðið í þessa veru hjá embætti ríkislögreglustjóra undanfarin ár.

Með bréfi dagsettu 24. október 2012 fékk ríkislögreglustjóri send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og innanríkisráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi ríkislögreglustjóra dagsettu 26. október 2012 er ítrekuð beiðni um endurskoðun launakjara og er þess farið á leit að þau komi næst launum ráðuneytisstjóra og að einungum verði fjölgað.

III.

Samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 fer ríkislögreglustjóri með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra sem er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og sýslumenn til skipunar í embætti. Ráðherra skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn.

Hlutverk ríkislögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum felst meðal annars í að kynna lögreglustjórum þær ákvarðanir handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar og vinna að og fylgjast með því að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar, að veita innanríkisráðherra upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni og gera tillögur til ráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra. Þá skal hann vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu og veitir lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum. Hann annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi. Einnig fer ríkislögreglustjóri með yfirstjórn löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings. Hann skal halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. Þá skal ríkislögreglustjóri annast málefni almanna í umboði innanríkisráðherra.

Í lögreglulögum er fjallað nánar um þau sérstöku verkefni sem ríkislögreglustjóra eru falin. Má þar sem dæmi nefna að ríkislögreglustjóri annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Hann skal starfsrækja lögreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Einnig skal ríkislögreglustjóri starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með talið rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á því sviði. Hann skal annast erlend samskipti og samstarf vegna slíkra tæknirannsókna, halda skrá um horfið fólk og hafa umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.

Ríkislögreglustjóra eru einnig falin verkefni með öðrum lögum, til dæmis lögum nr. 82/2008 um almannavarnir og lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara

samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun ríkislögreglustjóra en kjaranefnd ákvað honum laun 4. nóvember 2004. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Þær breytingar sem orðið hafa á löggjöf og starfsemi embættis ríkislögreglustjóra síðan honum voru síðast ákvörðuð laun gefa tilefni til breytinga á launum hans. Við ákvörðun launakjara er annars vegar höfð hliðsjón af launakjörum lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu og hins vegar af launakjörum ráðuneytisstjóra.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun ríkislögreglustjóra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. október 2012 skulu mánaðarlaun ríkislögreglustjóra vera samkvæmt launaflokki 502-139, nú 873.992 krónur. Að auki skal greiða honum 33 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ríkislögreglustjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson